

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð) Hafnarfirði



Dags eftirlits	14.12.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð)	Fulltrúi UST	
Heimili	Óseyrarbraut 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Eymarsson	ÍSAT nr.	23.99
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður B. Björnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik komi fram við eftirlit er varðar botnþykktarmælingu á tönkum. Tvær athugasemdir voru gerðar er varða skipulag lausra efnatanka á lóð og virkni lekabyttu undir saltsýrutönkum.

UMFANG EFTIRLITS

Starfsleyfi rekstraraðila var gefið út þann 3. desember 2014 og er þetta því fyrsta heimsókn eftirlitsaðila í bikstöðina. Rekstraraðili hafði áður starfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins en féll það úr gildi þann 31. des 2012.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Engin starfsemi var í stöðinni er eftirlit fór fram og tankarnir nánast tómir. Liggur starfsemin niður yfir vetrartímann en eru tankarnir fylltir í byrjun árs og bikið geymt þar til stöðin er sett aftur af stað á vormánuðum.

Í stöðinni eru 3 stórir biktankar (2200m^3 , 775m^3 , 1090m^3) og einn minni dagtankur (35m^3). 3 bikbeytutankar (35m^3) eru á lóðinni, einn tankur (100m^3) fyrir ethyl ester og einn líttill tankur fyrir white spritt (20m^3). Steypt lekavarnarþró er í kringum tankana og skiptist hún í þrjá hluta. Stóru tankarnir standa í stærstu þrónni, minni tankarnir sex standa í minni þró og loks er stöðin sjálf í steyptri þró þar sem hallinn liggur frá stöðvarhúsi og inn eftir lóð. Áfyllingarplan er olíuhelt og öll niðurföll, á lóð sem og í stöðvarhúsi eru tengd olíuskilju. Einstreymisloki er á olíuskilju og kvittanir til staðar vegna þjónustu við hana. Var hún síðast þjónustuð haustið 2015.

Góðar verklagsreglur eru til vegna löndunar biks og aðgengilegar starfsmönnum í gæðahandbók.

Lekabyttur eru undir efnatönkum sem geymdir eru innanhúss. Lekabytta er einnig undir tveimur, 1000L saltsýrutönkum sem standa utan við húsvegg stöðvarhússins. Athugasemd er gerð við að lekabyttan stendur full af klaka og virkar því ekki sem skildi.

Verkefni er að hefjast innan fyrirtækisins um bætt flokkun úrgangs og verður sett upp betri aðstaða til þess á næsta ári. Efnakör eru endurnýtt og spilliefni eru send til Efnamóttökunnar. Einnig er áætlun um að bætt orkunýtingu og orkusparnað.

Öryggisblöð eru til staðar og ADR farmbréf. Starfsmenn fá þjálfun og þekking þeirra skráð í gagnagrunn fyrirtækisins.

Umhverfismarkmið eru aðgengileg í gæðahandbók.

Engin spilliefni eru geymd á rannsóknarstofu stöðvarinnar.

Eitt mengunaráhapp hefur verið tilkynnt til eftirlitsaðila. Þá gaf sig krani á white spirit tanki sig og lak efnið niður á plan. Var haft samband við Hreinsitækni sem kom á staðinn og hreinsaði upp, Bæði af plani og úr olíuskilju. Var skolað bæði með sápu og vatni, um 4-500L var um að ræða og tókst hreinsun vel. Atvikið var tilkynnt eftirlitsaðila með símtali og ekki þótti ástæða til eftirfylgni.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila, eftirlitsaðila né heilbrigðiseftirliti varðandi starfsemina.

Frávik frá

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæla á minnst 10 ára fresti.

Geymar merktir EE, SB1 og SB2 voru þykktarmældir í febrúar 2010 og þarf því ekki að þykktarmæla fyrir en árið 2020 en þykktarmæla átti aðra tanka fyrir árslok 2015.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við skipulag lausra efnatanka á lóð. Ker og tankar virðast settir hér og þar án teljandi skipulags. Hér mætti auðveldlega gera úrbætur. Þá er ekki árekstrarvörn við olútank sem merktur er úrgangsolíu.

Einnig er gerð athugasemd við að lekabytta undir saltsýrutönkum er standa við húsvegg stöðvarhúss, er full af klaka og sinnir því ekki hlutverki sínu. Skoða þarf möguleika á því að byggja skýli yfir saltsýrutankinn og lekabyttuna til að hindra vatnssöfnun í henni.

ANNAÐ

Fyrirhugað er að gera hávaðamælingar í sumar skv. gr. 2.7 í starfsleyfi og þykktarmæla þá tanka sem eftir er skv. viðauka 2 í starfsleyfi, en geymar merktir EE, SB1 og SB2 voru þykktarmældir í febrúar 2010. Lagnir og tengingar eru yfirfarðar reglulega og skráningar færðar í rekstrarhandbók.

Biklagdir hafa ekki verið þrýstiprófaðar skv. gr. 3.2. Skv. rekstraraðila þá er ekki til þekkt aðferð við að þrýstiprófa biklagdir og því ekki hægt að framkvæma þær prófanir að svo stöddu. Eftirlitsaðili skoðar málið.

Reykjavík, 15.12.2015

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og örvonis en sem ekki geta talist frávik


Guðbjörg Stella Árnadóttir